

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. júní 2019
UST201905-107/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Bratta fjallasel í Bláskógarbyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fjallaselið Bratta í Bláskógarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að Bratti sé fjallasel í Súlnadal í Botnssúlum. Þar hefur skáli verið fjarlægður, en í staðinn er lagt til að heimild sé að byggja nýjan skála allt að 80 m². Einnig kemur fram að gisting getur verið fyrir allt að 30 manns og ekki er heimilt að aka að húsinu. Gert er ráð fyrir þurrsalerni og að úrgangur verði fluttur til byggða á vélsleða á veturna.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

Í greinargerð kemur fram að Bratti er innan Þingvallabjóðgarðs og um hann gilda lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004 og lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemd við hana.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur